Reglur um liðveislu fatlaðra í Hafnarfirði

1.

Félagsþjónustan í Hafnarfirði annast liðveislu fyrir fatlaða sbr. 24. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.

2.

Liðveisla er persónulegur stuðningur og aðstoð, sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun og veita fötluðum aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.

3.

Rétt til að sækja um liðveislu eiga þeir fatlaðir sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra, sem búa utan stofnana og sambýla og hafa náð 6 ára aldri. Lögheimili og búseta í Hafnarfirði er ætíð skilyrði. Undantekningar skulu því aðeins heimilaðar, að þær séu staðfestar og samþykktar á afgreiðslufundi heimaþjónustudeildar Félagsþjónustunnar.

4.

Sérstakir starfsmenn, liðsmenn, annast liðveislu við fatlaða undir leiðsögn fagmenntaðs aðila.

5.

Liðveisla er hluti af samþættri þjónustu við fatlaða á vegum Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði í samvinnu við ÍTH og Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Reykjanesi. Sérstakur starfsmaður hefur umsjón með liðveislu og sér um ráðningu starfsmanna, fræðslu og þjálfun. Sami starfsmaður fer með daglega stjórn liðveislunnar og útvegar ráðgjafa (handleiðslu) fyrir liðsmenn.

6.

Sótt skal um liðveislu á sérstökum eyðublöðum þar sem fram kemur ósk umsækjanda um tímafjölda og fyrirkomulag liðveislunnar. Staðfesting á fötlun umsækjanda skal fylgja frumumsókn. Umsóknir eru lagðar fyrir og afgreiddar á afgreiðslufundum heimaþjónustudeildar. Þar er jafnframt lagt mat á þjónustuþörf og þjónusta ákvörðuð innan ramma gildandi reglna sem staðfestar eru af fjölskylduráði og innan gildandi fjárhagsáætlunar.
Ákvarðanir um þjónustu og fyrirkomulag skal ætíð kynna fyrir þjónustuþega og liðsmanni. Synjun afgreiðslufundar á liðveislu skal ávallt vera skrifleg og rökstudd. Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun afgreiðslufundar heimaþjónustudeildar til fjölskylduráðs. Skal það gert skriflega og innan 4 vikna. Ákvörðun fjölskylduráðs má síðan áfrýja til félagsmálaráðuneytisins.

7.

Við mat á þjónustuþörf skal tekið tillit til þarfa einstaklingsins, fötlunar, heimilisaðstæðna og annarrar þjónustu sem viðkomandi nýtur. Hámarkstímafjöldi í liðveislu eru 20 tímar á mánuði.

8.

Samþykkt liðveisla skal vera tímabundin hvort sem um hópliðveislu eða einstaklingsliðveislu er að ræða. Fyrsta samþykkt skal að jafnaði vera til þriggja mánaða. Að þeim tíma liðnum skal meta umsókn að nýju og framlengja samning ef ástæða þykir til. Endurnýjaðar samþykktir skulu að hámarki vera til sex mánaða í

einu. Þó skal heimilt að samþykkja liðveislu til allt að níu mánaða ef hún er tengd annarri tímabundinni þjónustu s. s. skólavist.

9.

Gerður skal skriflegur samningur við liðsmann og þjónustuþega um hvert verkefni, þar sem kveðið er á um samningstímabil, mánaðarlega vinnuskyldu og skipulag starfsins.

10.

Skulu settar sérstakar vinnureglur, staðfestar af fjölskylduráði, þar sem kveðið er nánar á um verksvið liðsmanna, laun, réttindi þeirra og skyldur og veittar frekari leiðbeiningar um daglegt starf. Liðsmaður fær endurgreiddan útlagðan kostnað frá Hafnarfjarðarbæ þ.m.t. aksturskostnað, enda hafi útgjöld verið samþykkt fyrirfram af umsjónarmanni liðveislu og í samræmi við gildandi reglur um liðveislu.

Reglur þessar eru settar af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og taka gildi 1. júlí 2004.